

17. apríl 2019

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

**Minnisblað vegna flutnings á lausri kennslustofu frá leikskólanum Hamravöllum yfir í leikskólann Smáralund og breytingar samhliða því.**

Leikskólinn Hamravellir: Fjöldi barna var 118. Börn sem eru að fara í grunnskóla eru 18. Börn á flutningi úr skólanum eru 6. Samtals eru þetta 24 börn.

Samkvæmt nýrri rýmisáætlun sem Skólar ehf ætla að taka í gildi frá og með 1. ágúst n.k. verður fjöldi barna í skólanum 84. Skólinn ætlar þó skólaárið 2019-2020 að hafa fjölda barna samtals 94. Skólaárið 2020-2021 verður síðan sá fjöldi eða 84 börn eins og rýmisáætlun gerir ráð fyrir.

Börn á biðlista og á flutningi í skólann frá og með ágúst n.k. eru samtals 33. Þessi börn fá vistun í Skarðshlíðarleikskóla eða öðrum leikskólum í sveitarfélaginu. Verður reynt að verða við óskum foreldra eins og hægt er. Stefnt er að þeirri úthlutun verði lokið fyrir næstu mánaðarmót samhliða úthlutun barna fæddum í jan-maí 2018.

Við þessa aðgerð þá fjölgar plássum í leikskólanum Smáralundi um 18. Áður en þetta kom til voru 12 börn sem ekki komust að en nú verður hægt að bjóða þeim pláss ásamt 6 til viðbótar.



Virðingarfyllt,

Jenný D. Gunnarsdóttir Próunarfulltrúi leikskóla